



Reykjavík, 22. apríl 2024


Umsögn um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kría

Rannís fagnar þeirri stefnumótunarvinnu sem nú á sér stað á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins. Núverandi fyrirkomulagi opinberrar fjármögnunar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar var komið á fyrir rúmum tuttugu árum og því tímabært að endurskoða stofnanafyrirkomulag og fjármögnun. Frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kría er í þeim anda að sameina skylda starfsemi til að stuðningsumhverfið sé skilvirkt og sveigjanlegt.

Rannís tekur undir megin markmið sem sett er fram „að stuðla að árangursríku og alþjóðlega samkeppnishæfu fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki í því skyni að styðja við öflugt atvinnulíf á grunni hugvits og þekkingar og efla þannig vöxt, velsæld og samkeppnishæfni Íslands.“

Flest þeirra 200 fyrirtækja sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur fjárfest í hafa hlotið styrki úr sjóðum sem Rannís hefur umsjón með, sérstaklega úr Tækniþróunarsjóði. Samkvæmt nýlegu áhrifamati á Tækniþróunarsjóði hafa styrkveitingar úr sjóðnum oft virkað sem n.k. gæðamat á verkefnum og greitt fyrir aðkomu fjárfesta.¹ Mörg fyrirtæki hafa einnig fengið verkefna- og vaxtarstyrki eftir að fyrstu fjárfestar eru komnir að verkefnum. Rannís þekkir vel til þess að oft er mikill skortur á fjármagni á fyrstu stigum verkefna en mismikill milli greina. Að mati Rannís hefur samfella í opinberum stuðningi aukist á sl. árum samhliða auknu fjármagni í samkeppnissjóði og öflugri vísisjóðum sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Nýsköpunarsjóðurinn Kría mun styrkja þá samfelli.

Rannís hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, m.a. um árlegt Nýsköpunarþing og Nýsköpunarverðlaun Íslands sem veitt hafa verið frá 1994. Rannís treystir því að Nýsköpunarsjóðurinn Kría muni taka virkan þátt í samstarfi opinberra stofnana sem hvetja til nýsköpunar og verðlauna það sem vel er gert.



Ágúst Hjörtur Ingþórsson

forstöðumaður Rannís

¹ Sjá Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs 2014-2018 þar sem fram kemur í samantekt að styrkir Tækniþróunarsjóðs „stuðluðu að bættu aðgengi styrkþega að öðru innlendu fjármagni“ og „bættu aðgengi styrkþega að erlendu fjármagni í formi styrkja og/eða eiginfjárframlagi frá erlendum fagfjárfestum“.

<https://www.rannis.is/media/taeknithrounarsjodur/Ahrifamat-TThS-heild-vefur.pdf>